Skólanámskrá

Árborgar

Traust-Samvinna-Lífsgleði-Nám

2016

Leikskólinn Árborg
Hlaðbær 17, 110 Reykjavík
www.arborgin.is
arborg@reykjavik.is

Efnisyfirlit

Grundvöllur leikskólans....3
Leikskólinn Árborg....4
Markmið Áborgar....5
Hugmyndafræði....6
John Dewey....6
Lev S. Vigotsky....7
Howard Gardner....8
Leiðarljós leikskólans....9
Leikur og nám....9
Könnunarleikur....10
Hópastarf....11
Samverustund....11
Daglegt líf....12
Að heilsa og kveðja....12
Dagskipulag....12
Útivera....12
Fataklefi....12
Hvíld....13
Matartímar.... 13
Hreinlætisvenjur....13
Ferilmappa....13
Starfshættir og leiðir....14
Námssvið leikskólans....15
Læsi og samskipti....16
Heilbrigði og vellíðan....17
Sjálfbærni og vísindi....18
Sköpun og menning....19
Menning og hefðir í Árborg....20
Lýðræði og jafnrétti....21
Sérkennsla....22
Fjölskyldan og leikskólinn....23
Þátttökuaðlögun....23
Foreldraviðtöl....23
Foreldrafélag....23
Foreldraráð....24
Annað....24
Upplýsingaflæði.... 24
Skólahópur og samstarf við grunnskólann....25
Mat á skólastarfi....27
Innra mat....27
Ytra mat....27

Grundvöllur leikskólans

Lög um leikskóla

Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þar er kveðið á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið og er aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 stefnumótandi leiðarvísir í samræmi við gildandi lög um leikskóla.

Aðalnámskrá leikskóla

Í ágúst 2011 tók ný aðalnámskrá leikskóla gildi. Henni er ætlað að ramma inn sex grunnþætti menntunnar. Námskráin fjallar um menntunar-, uppeldis- og umönnunarhlutverk leikskóla, auk þess að vera farvegur til að tryggja jafnrétti allra barna til menntunar og uppeldis í leikskólum landsins. Aðalnámskrá er einnig upplýsandi fyrir foreldra og forráðamen um hlutverk og starfsemi leikskóla. Hún leggur áherslu á styrkleika barna, hæfni og virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins. Hvatt er til þess að leikurinn sé nýttur á markvissan og skapandi hátt í samþættu uppeldi og námi barna. Námsvið leikskóla tengjast grunnþáttum menntunar og skiptast í eftirfarandi áhersluþætti: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menningu.

Leikskólinn Árborg

Árborg er þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 1 árs til 6 ára. Hann var tekin í notkun 1969 og er þar með elsti leikskólinn í Árbæjarhverfi. Hann liggur í jaðri Elliðaárdals og stendur við Hlaðbæ 17. Samtímis eru 64 börn í leikskólanum á þremur deildum, Rauðalandi, Bláalandi og Grænalandi. Tvær deildar eru aldursblandaðar með 3-6 ára börnum og ein deild er með börnum á aldrinum 1-3 ára.
Húsnæði leikskólans var byggt 1962 og var upphaflega grunnskólinn í hverfinu. Í febrúar 1969 tók leikskólinn til starfa. Haustið 1997 var viðbygging við húsið tekin í notkun, en hún hýsir yngstu deildina, eldhús og starfsmannaaðstöðu. Stór og góð lóð er umhverfis leikskólann og var hún endurbyggð í tveimur áföngum árin 2012 og 2013. Góð aðstaða er einnig fyrir utan skólalóðina og eru mikil tækifæri fólgin í útivist og náttúruskoðun með Elliðaárdalinn við lóðarmörkin.

Markmið Árborgar

Markmið Árborgar er að börnin sem útskrifast úr leikskólanum okkar séu sjáfsöruggir og lífsglaðir krakkar sem eru tilbúnir að takast á við áskoranir lífsins. Einkunnarorð leikskólans eru traust-samvinna-lífsgleði-nám.

Hugsunin að baki einkunnarorðum leikskólans er:

Traust: Að allir finni til öryggis, að það sé hvatning í gangi, hlýleiki gagnvart fólki, uppbyggileg samskipti, virðing fyrir samferðafólki, góð framkoma, tillitsemi í garð annarra, vandaður talsmáti, heiðarleiki, skilningur í garð barna og fullorðinna, umhyggjusemi og hrós.

Samvinna: Að starfsfólk kappkosti við að nota samræmd vinnubrögð, samvinna við foreldra, virkt og áhugasamt starfsfólk og hugrekki í samskiptum.

Lífsgleði: Það þarf að ríkja gleði, öllum þarf að líða vel, jákvæðni ríki meðal starfsfólks, að hlýtt viðmót mæti börnum og foreldrum.

Nám: Á bak við nám er: leikur, sköpun, útivera,tónlist,hreyfing, málörvun, sjálfshjálp, virðing fyrir umhverfinu og vellíðan.

Með einkunnarorðin að leiðarljósi þá hjálpum við barninu að tileinka sér:

- þá hæfni sem þarf til þess að takast á við sjálft sig og lífið í samskiptum við aðra
- færni á sviði málvitundar, orðaforða, málskilnings og tjáningar.
- virðingu fyrir sjálfu sér, öðrum og umhverfi sínu.

Hugmyndafræði

Faglegt starf Árborgar styðst í meginatriðum við kenningar þriggja fræðimanna; John Dewey, Lev S. Vygotsky og Howard Gardner. Hugmyndafræði þeirra samræmist vel þeim starfsaðferðum sem skólinn vill vinna eftir í uppeldis- og kennsluaðferðum. Námskránni er ætlað að auðvelda starfsfólki að ná markmiðum leikskólans ásamt því að veita foreldrum og öðrum sem áhuga hafa á uppeldisstarfinu , innsýn inn í það starf sem unnið er með börnunum í leikskólanum. Skólanámsskráin var unnin með aðkomu starfsfólks , byggt var á því starfi sem verið hefur í leikskólanum og það rammað inn með áherslum aðalnámskrár leikskóla.

John Dewey

Hugmyndafræði John Dewey byggir á uppgötvunarnámi barna, það er að börn læri í gegnum leikinn með því að þreifa sig áfram. Uppgötvunarnám felst í að rannsaka, skoða, kanna, draga ályktanir og læra af niðurstöðunum. Dewey telur börnum meðfætt að læra og eigi þess vegna að vera virk í eigin námi. Uppeldisstefna John Dewey byggir því á hugmyndum um að börnin læri af eigin reynslu : Learning by doing.

Dewey taldi það vera hlutverk kennara að velja viðfangsefni í samræmi við reynslu barnanna , verkefni sem gæfi þeim tækifæri til að víkka út reynsluheim sinn.

Vinnuumhverfi barna í Árborg samanstendur af fjölbreyttum efnivið, þar sem börn hafa tækifæri til að velja það sem þau hafa áhuga á .

Lev S Vygotsky

Lev S Vygotsky var stuðningsaðili þess að börn fái að takast á við verkefni sem í raun væru fyrir ofa þeirra getur og kallaði það „ svæði hins mögulega þroska". Þar á hann við verkefni sem börn takast á við með aðstoð sér eldri barna eða fullorðinna og með tímanum þroskist færni og geta þeirra til að leysa verkefni án aðstoðar. Vygotsky taldi þessa leið auka öryggi barna og um leið örva sjálfstæði þeirra og sjálfsmynd.
Vygotsky lagði líka mikla áherslu á samskipti og að í gegnum þau þróuðu börn með sér vitsmunaþroska í félagslegu samhengi. Hann bendir á mikilvægi talmálsins, sem einskonar „verkfæri" til að henda reiðu á hugsanir sínar, koma haldi á tilfinningar og tengsl við umhverfið. (Berk, 1994)

Í Árborg eru aldursblandaðar deildir þar sem börnum gefst tækifæri til að læra af eldri börnum og takast á við verkefni sem eru fyrir ofan þeirra getu. Tækifæri til samskipta og tjáningar eru einnig mikil í leikskólanum þar sem aldursblöndun hvetur til aukinnar máltjáningar og að börnin læri hvert af öðru.

Howard Gardner

Í fjölgreindarkenningu Howards Gardners er talið að einstaklingurinn búi yfir a.m.k. 8 „greindum" málgreind, rök og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind.
Með fjölgreindarkenningunni er lögð áhersla á að engin ein aðferð henti betur en önnur. Hvert barn er einstakt, það býr yfir ólíkri hæfni í greindunum átta. Mismunandi aðferðir henta mismunandi hópum barna, því telur Garner nauðsynlegt að beita fölbreyttum aðferðum í leitinni að þekkingu. Með því að nota mismunandi leiðir gefst hverju barni kostur á að nýta þróuðustu greind sína til náms og þroska, einhvern hluta dagsins. (Amstrong.2000:63)
Börn eru missterk í hinum ýmsu greindum og reynum við að mæta börnunum í þeirra sterku hliðum og ýta undir þær ásamt því að nýta þær til að innleiða þær greindir sem eru veikari hjá þeim.

Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklingsins. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna, veita öllum börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja skal áherslu á styrkleika barna, hæfni og þörf þeirra fyrir vernd og leiðsögn fullorðinna. Í leikskólastarfinu mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Börnum er sýnd virðing og umhyggja ásamt því að fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans (Aðalnámskrá leikskóla 2011: 32)

Leikur og nám

Leikurinn er órúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin frosendum. Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök.

Leikurinn er megin námsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og að þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar. (Aðalnámskrá leikskóla 2011: 37)

Í Árborg leggum við áherslu á sjálfsprottinn leik barna. Í leiknum fá þau tækifæri til að vera með öðrum börnum og vera þátttakendur í mótun menningar leiksins. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra. Þau læra í gegnum raunverulega reynslu, þar sem þau fá tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir, reynslu og tilfinningar sínar og þróa með sér félagsleg tengsl við önnur börn .

Könnunarleikurinn

Í Árborg fá börnin á yngstu deildinni að fara í könnunarleik einu sinni í viku. Könnunarleikurinn fer þannig fram að fjögur börn eru saman í hóp hverju sinni. Hvert barn fær poka sem inniheldur ýmiskonar óhefðbundin leikefni s.s keðjur, dósir, dúska, hólka, lok, brúsar, sleifar, lyklar og fl. Börnin leika með þetta á eigin forsendum, kanna möguleika efniviðarins og gera tilraunir. Í gegnum könnunarleikinn þroska börnin m.a. einbeitingu, athyglisgáfu og samskiptafærni.

Hlutverk starfsfólks er að fylgjast með leik barnanna. Í könnunarleik gefst oft dýrmætur tími til að rannsaka leik þeirra.
Tíminn sem fer í frágang er ekki síður mikilvægur en leikurinn sjálfur. Í lok leiktímans hjálpast allir að við að flokka og raða í alla pokana aftur. Báðir þessir þættir eru annarsvegar undirstaða stærðfræðináms barna og hinsvegar læra þau að með tiltekt þá lýkur stundinni.

Samverustundir

Samverustundir eru tvær til þrjár á dag. Í samverustundum er sungið, lesið, hlustað, sagðar sögur og farið í ýmsa leiki sem efla framsögn, rökhugsun og málskilning. Í samverustundum þjálfast börnin í að vinna sem hópur, þ.e. syngja saman, hlusta þegar aðrir tala, koma fram fyrir hóp og taka tillit til annara. Efniviður sem unnið er með í samverustundum tekur mið af aldri og getu barnahópsins hverju sinni. Einu sinni í viku hittast öll börnin í húsinu í salnum og eru með sameiginlega söngstund eða aðrar uppákomur.

Hópastarf

Börnunum er skipt í hópa eftir aldri, þar sem þau vinna að skipulögðum verkefnum og fylgir sami starfsmaður hópnum eftir yfir veturinn. Mikil samvinna er milli deilda innan hvers árgangs. Í hópastarfi er unnið með ýmis þemu , myndlist, hreyfingu , tónlist og farið í vettvangsferðir. Með því að raða börnunum í aldursskipta hópa skapast betri tengsl milli barna í sama árgangi, þau eru á jafningjagrundvelli og verkefni eru í samræmi við aldur og getur. Í hópastarfi skapast vettvangur til að vinna að öllum grunnþáttum menntunar.

Daglegt líf í leikskólanum

Ramminn utanum daglegt starf leikskólans tekur mið af föstum athöfnum sem snúa að líkamlegum þörfum barna og heilsu. Matmálstímar, hvíldartímar, leiktímar og hreinlæti mynda rammann sem síðan er sniðinn af þörfum hvers aldurs fyrir sig.

Að heilsa og kveðja

Við leggjum áherslu á að vel sé tekið á móti börnum og foreldrum á morgnanna. Við heilsum, veitum athygli og gefum tíma sem þarf. Sama gildir um þegar börnin eru sótt. Það skiptir bæði foreldra og börn miklu máli hvernig tekið er á móti barninu og hvernig það er kvatt í lok dags. Þessi samskipti lita líðan og viðhorf foreldra til leikskólans.

Dagskipulag

Dagskipulag leikskólans er sá rammi sem er utan um allt starf. Það tekur mið af daglegum þörfum og inniheldur umönnun, leik og nám. Við reynum að hafa skipulagið það rúmt að það gefist nægur tími til að leika sér og vinna saman án þess að brjóta tímann of mikið upp.

Útivera

Árborg er vel staðsett hvað varðar útivist. Leikskólinn stendur í jaðri Elliðaárdals og er hann vel nýttur til gönguferða og ýmissa vettvangsferða. Í kringum leikskólann er stór og góð lóð þar sem ríkir mikil veðursæld. Mikið og fallegt útsýni er yfir Elliðaárdalinn frá lóðinni. Leikskólinn hefur lagt áherslu á útiveru og að öll börn fari út að minnstakosti einu sinni á dag, oftar ef verður leyfir. Útivera styrkir mótstöðuafl, eykur matarlyst og býður upp á holla hreyfingu sem öllum er nauðsynleg. Í útiveru fá börnin tækifæri til að efla hreyfiþroska og þol.

Fataklefinn

Í fataklefa undirbúa börn og starfsfólk sig til útiveru. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar svo þau læri að klæða sig sjálf, einnig læra þau að við klæðum okkur mismunandi eftir því hvernig veður er úti. Börnunum er jafnframt kennt að umgangast fötin sín og passa upp á þau. Í fataklefanum gefst líka tækifæri til að efla alhliða þroska barnanna, samvinnu og samhjálp og þar á sér stað mikil málörvun þar sem orð eru sett á hluti og athafnir.

Hvíld

Eftir hádegismat er hvíldartími á öllum deildum. Það er misjafnt eftir aldri og þörfum barnnna hvort þau sofna eða ekki. Börnin leggja sig öll á dýnu, á eldri deildum eru þau meðkodda og teppi en sæng og kodda á yngstu deildinni. Sum börn sem sofa, fá að hafa með sér í hvíldina t.d snuð, bangsa eða annað sem gefur þeim öryggi (fer eftir hverju barni) . Þeim börnum sem ekki sofa bjóðum við uppá rólega stund með t.d. lestri eða rólegri tónlist.

Matmálstímar

Allir matmálstímar dagsinn eru hluti af uppeldisstarfi leikskólans. Boðið er upp á morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu, að auki er boðið upp á ávextastund á miðjum morgni á öllum deildum. Matmálstími er góður samverutími barna og starfsfólks þar sem allir sitja saman til borðs. Börnin læra almenna borðsiði, þau eru hvött til að smakka allan mat og til sjálfshjálpar. Lagt er upp úr að matmálstímar séu rólegar og góðar stundir. Hvert barn á sitt sæti. Börnin skiptast á að vera „umsjónarmenn" en þeir aðstoða við að sækja matinn og bjóða til borðs.
Markmið manneldisráðs eru höfð til grundvallar matseldar og að máltíðir séu sniðnar að þörfum barnanna. Matseðill er útbúinn fyrir hvern mánuð í senn og hangir hann bæði í fataklefa og er inni á heimasíðu leikskólans.

Hreinlætisvenjur

Lögð er áhersla á að börnin tileinki sér góðar hreinlætisvenjur. Þau þvo sér um hendur eftir salernisferðir, útiveru og fyrir máltíðir. Einnig er þau hvött til almenns hreinlætis. Gott hreinlæti er lykilatriði til varnar sýkingum. Það er einstaklingsbundið hvenær börn hætta að nota bleiju. Það fer alfarið eftir þroska hvers og eins. Við leggjum áherslu á að börnin séu búin að sleppa bleiju þegar þau flytjast yfir á eldri deild sem er um 3ja ára aldur.

Ferilmappa

Í nokkur ár hefur sérhvert barn komið með möppu í leikskólann við upphaf leikskólagöngu með upplýsingum og myndum um það sjálft. Leikskólinn hefur svo bætt inn efni, myndum og upplýsingum sem sýna þroskaferli barnsins. Börnin sækja mjög í að skoða möppurnar og segja frá sér og fjölskyldum sínum. Mappan styður við málörvun og öryggiskennd hjá börnunum.

Starfshættir og leiðir

Allt starfsfólk á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau. Starfsfólk skal leitast við að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barnanna og vera góð fyrirmynd í hvívetna. Starfsfólk ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram í skólanámskrá hvers skóla. (Aðalnámskrá leikskóla 2011: 31)

Í Árborg er lögð áhersla á góð samskipti og að virðing sé borin fyrir börnum, foreldrum og samstarfsfólki. Áhersla er lögð á að það sé gott að koma í leikskólann og að öllum líði vel bæði börnum og fullorðnum. Við höfum það að leiðarljósi að:

„ að aðgát skal höfð í nærveru sálar"

Við kappkostum að nýta þann mannauð sem er til staðar og að hlusta á starfsfólkið svo hæfileikar þess fái notið sín í starfi.

- Í leikskólanum ber okkur að veita gott uppeldi og góðar aðstæður
- Við erum jákvæðar fyrirmyndir barnanna í samskiptum og í daglegu lífi
- Við hlustum á börnin og komum fram að virðingu við þau, notum virka hlustun
- Við heilsum og kveðjum í byrjun og lok hvers dags og veitum öllum börnum jákvæða athygli á hverjum degi
- Við tökum á móti hverjum og einum með virðingu og sinnum viðkomandi eftir þörfum
- Ef okkur verða á mistök þá biðjum við afsökunar
- Börn skulu ávalt vera í návist starfsfólks í leikjum sínum en ekki eftirlitslaus svo hægt sé að grípa inn í aðstæður, örva leikinn , taka þátt eða veita öryggi.

Námssvið leikskólans

Börnin læra í gegnum leik og daglegar venjur í leikskólanum innan sem utandyra. Þau læra bæði í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssvið leikskólans eiga að vera samofin öllu starfi leikskólans og byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun í leik og daglegum athöfnum leikskólans. Námssvið leikskólans eru : Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. (Aðalnámskrá leikskóla 2011:41)

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiskonar hljóð, snertingu , látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu , leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. (Aðalnámskrá leikskóla: 2011: 42)

Markmið:

- að fá tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti
- að efla málþroska og hugtakaskilning
- að þjálfa tjáningu og hlustun
- að efla sjálfsmynd og samkennd
- að auka skilning á menningu og samfélaginu
- að auka skilning á að ritað mál og tákn hafa merkingu
- að hvetja til samvinnu og samstarfs
- að allir fái að njóta sín á sínum forsendum

Leiðir:

- Markviss málörvun
- læra og vinna með , þulur, vísur, rím og hljóð
- lesa sögur, hlusta á sögur og segja sögur
- nýta spil og leiki til málörvunar
- nota söng, dans og hrynjanda
- fara í vettvangsferðir og heimsóknir
- hafa ritmál sýnilegt
- nota „sögugrunninn „til að vinna með frásögn og sögugerð
- gefa okkur tíma til að tala saman
- Læsisstefna Árborgar á heimasíðu
- Stig af stigi kennsluefni í samskiptum

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskólanum læra börnin að tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt matarræði, hvíld, hreinlæti, og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðir hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hefur jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýni vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskólanum eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólkið myndi góð og náin tengsl við börnin. (Aðalnámskrá 2011: 43)

Markmið

- að stuðla að umhyggju, gleði og ánægju
- að stuðla að persónulegri umhirðu
- að börnin fái holla og fjölbreytta næringu
- að börnin fái fjölbreytta hreyfingu
- að börnin fái ögrandi og krefjandi útivist
- að börnin fái hvíld og slökun
- stuðla að tilfinningalegu jafnvægi
- styrkja jákvæð samskipi
- efla félagsleg tengsl.

Leiðir

- að vera fyrirmynd barna í góðum samskiptum
- að bera virðingu og sýna hverju barni umhyggju
- bjóða holla og næringarríka fæðu, með lýðheilsumarkmið að leiðarljósi
- hreyfistundir verði fyrir öll börn, ýmist í íþróttahúsi eða leikskólanum
- nýta leikskólalóðina og Elliðaárdalinn til fjölbreyttrar útivistar
- að öll börn fái hvíldarstund á hverjum degi, ýmist sofni eða slaki á
- að hvetja börnin til jákvæðra samskipta með samtali, sögum og leikjum
- að hvetja börnin til sjálfshjálpar og kenna þeim hreinlæti
- bjóða upp á fjölbreytt verkefni sem efla fín og grófhreyfingar

Sjálfbærni og vísindi

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna í umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufyrirbæri , vísindi og tækni. (Aðalnámskrá leikskóla 2011: 44)

Umhverfi Árborgar, Elliðaárdalurinn er ríkur af náttúrufyrirbærum sem gaman er að skoða og rannsaka. Áhersla er á að börnin fræðist um nágrenni sitt og læri á fjölbreytileika náttúrinnar allan ársins hring. Mikilvægt er að starfsfólk sé meðvitað um þá möguleika sem eru allt í kringum leikskólann til að vinna með ýmsa náms og þroskaþætti barnanna.

Markmið

- að börnin læri að umgangast náttúruna og nánasta umhverfi af virðingu og ábyrgð
- að börnin kynnist og skynji fjölbreytileika náttúrunnar
- að börnin fræðist og kynnist nánasta umhverfi leikskólans
- að börnin kynnist stærðfræðilegum hugtökum
- að börnin læri um rými, farlægðir og áttir
- að börnin kynnist eiginleikum ýmissa efna og hluta
- að þau kynnist lífríkinu í umhverfinu

Leiðir

- að farið verði í vetvangsferðir og gönguferðir til að upplifa og skoða nánasta umhverfi
- að flokka og endurvinna efnivið
- að vinna með ýmsan efnivið, s.s. sand, steina, vatn, snjó og ýmislegt sem finnst í náttúrunni
- að vinna með stærðfræðileg hugtök í náttúrunni s.s. tölur, rými, form, fjarlægðir og áttir
- að ræða um fyrirbæri náttúrunnar
- frjáls leikur

Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskólans á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk starfsfólks felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum . (Aðalnámskrá leikskóla 2011: 45)

Markmið

- að efla frumkvæði og skapandi hugsun
- að efla sjálfstæð vinnubrögð
- efla og örva skynjun
- að efla sjálfsmynd og öryggi
- efla jákvæð viðhorf
- að börnin njóti sín í fjölbreyttri listsköpun
- að börnin skapi og tjái upplifun sína s.s í myndlist, tónlist og dansi
- að börnin kynnist bókmenntum , þulum, vísum, þjóðsögum og ævintýrum
- að börnin séu þátttakendur í að móta menningu leikskólans með hátíðum og ýmsum viðburðum
- Að börnin fái að kynnast ýmsum sviðum menningar og lista.

Leiðir

- að veita börnunum tækifæri til sköpunar í söng, tjáningu, leiklist , myndlist og fl.
- höldum í gamlar íslenskar hefðir, s.s. þorrann, jólahald og íslenska daga.
- fræðumst um menningu barna frá öðrum þjóðum t.d. söngva, sögur, tungumál
- halda áfram samstarfi við Tónskóla Sigursveins
- þiggja boð um tónleika og heimsóknir í leikhúsin
- fá til okkar í heimsókn tónlistarmenn og leiksýningar

- kynna börnunum ýmis söfn, s.s listasöfn, náttúrusöfn og menningarsöfn
- kanna og vinna með margvíslegan efnivið
- að börnin læri þulur og vísur og taki þátt í söng

Menning og hefðir í Árborg

Í starfi Árborgar hefur verið leitast við að kynna börnum þjóðlegar hefðir og viðhalda þeim í gegnum starf leikskólans. Leikskólinn hefur einnig skapað sér sína eigin menningu sem tengist því samfélagi sem við lifum í í dag. Í janúar og febrúar ár hvert er unnið með „gamla tímann" þá læra börnin íslenskar þulur og kvæði, lesnar eru þjóðsögur, farið á söfn s.s. Árbæjarsafn og þjóðminjasafn, þar sem börnin kynnast sögu lands og þjóðar.

Fastir liðir í starfi Árborgar

- Dagur íslenskrar tungu
- Opið hús fyrsta sunnudag í aðventu
- Kirkjuferð á aðventu
- Jólaball
- Þrettándagleði
- Þorrablót/bóndadagur
- Bolludagur og sprengidagur
- Öskudagur
- Ömmu og afa kaffi
- Konudagur
- Útskrift elstu barna
- Útskriftarferð elstu barna í Vatnaskóg
- Sveitaferð
- Opið hús í byrjun maí
- íþróttahátíð

Lýðræði og jafnrétti

Leikskólinn er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfhætti sem renna stoðum undir lýðræðisleg samfélag. Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar. Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu á ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkennir samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Þarfir og áhugi sem börn láta í ljós á fjölbreyttan hátt eiga að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfhætti leikskólans. Í daglegu samstarfi við önnur börn og fullorðna skiptast þau á skoðunum , finna lausnir og miðla málum. í daglegu starfi leikskóla skal leggj a áherslu á umhyggju, tillitsemi og samhjálp meðal allra í leikskólanum . Nýta skal tækifæri til að tala um samkennd og samlíðan gagnvart öðru fólki. (Aðalnámskrá leikskóla 2011:35-36)

Markmið

- að stuðla að jafnrétti
- að allir fái tækifæri til virkrar þátttöku
- að efla umhyggju , tillitsemi og samhjálp
- að börnin læri að bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum
- að allir fái tækifæri til að hafa áhrif
- að efla skilning á því hvað lýðræði felur í sér

Leiðir

- að nota virka hlustun
- að virða skoðanir annarra og sjónarmið
- að veita börnunum stuðning í samskiptum
- að vinna saman og aðstoða hvert annað
- að börnin fái að hafa áhrif á leikskólastarfið
- að taka þátt í heimspekilegum umræðum

Sérkennsla

Leikskólinn leitast við að bjóða öll börn velkomin óháð andlegu eða líkamlegu atgerfi. Sérstakur stuðningu til að mæta þörfum allra barn og aðstandenda þeirra er einn þáttur í þjónustu sem leikskólinn veitir. Leikskólinn leitast við að öll börn fái að njóta sín í leik og starfi í leikskólanum á eigin forsendum.

Í Árborg er unnið í anda snemmtækrar íhlutunar þar sem rannsóknir hafa sýnt að mikilvægt sé að hefja íhlutun eins snemma og kostur er í líf barnsins eða strax og grunur vaknar um frávik . Á þetta við alla grunnþætti barna sem eru félagslegir, líkamlegir, andlegir eða tengdir málþroska þeirra.

Sérfræðingar á Þjónustumiðstöð Ábæjar og Grafarholts sinna greiningum ef grunur um frávik vaknar og sinna stuðningi og ráðgjöf inn í leikskólann í kjölfar greininga. Einnig er góð samvinna við heilsugæslustöð Árbæjar sem hefur samband við leikskólann eftir hverja komu barns á leikskólaaldri í ungbarnaeftirlitið , hvort sem grunur leikur á frávikum eða ekki. Samráð er við foreldra /forráðamenn barns í öllu ferlinu.

Leikskólinn er með skimunartæki til að forgreina frávik ef einhver grunur vaknar hjá starfsfólki eða foreldrum um frávik í þroska.

Íslenski þroskalistinn gefur hugmyndir um frávik í almennum þroska og er hann hugsaður fyrir foreldra (móður) að svara. Hann gefur vísbendingar varðandi gróf og fínhreyfingar, málþroska og námsfærni barna.

Ákveðið var að hefja notkun á TRAS (Tidlig registrering af språksudvikling) vorið 2015 . TRAS skráningarlistinn er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Því að góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinna lestrartileinkunn.

Á haustin er HLJÓM 2, lagt fyrir öll 5 ára börn. HLJÓM 2 er greiningartæki til athugunar á hljóðkerfisvitund hjá börnum áður en þau hefja grunnskólagöngu . Unnið er með niðurstöður úr HLJÓM 2 í samvinnu við foreldra. Niðurstöðurnar fylgja börnunum á milli skólastiga.

Mismunandi er á milli ára hversu mikil sérkennsla er í leikskólanum. Stuðningsaðilar eru ráðnir eftir þörfum og niðurstöðum greininga. Leikskólastjóri og aðsoðarleikskólastjóri hafa yfirumsjón með sérkennslunni og situr annar hvor þeirra flesta teymisfundi með foreldrum. Sérkennslan er fléttuð inn í daglegt starf barnanna og fer vinnan fram bæði í einstaklings og hópavinnu.

Fjölskyldan og leikskólinn

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónamið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfsins er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa forlerar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi . (Aðalnámskrá 2011: 48) Samstarfið byggir fyrst og fremst á góðum daglegum samskiptum þar sem skipst er á upplýsingum um barnið.

Þátttökuaðlögun

Sú leið sem farin er við aðlögun nýrra barna í leikskólann er þátttökuaðlögun. Hún fer fram á þann hátt að nokkur börn eru aðlöguð í einu og eru foreldrar þátttakendur í starfinu á meðan á aðlögun stendur og sinna sínu barni. Aðlögun er ekki síður fyrir foreldra en börn. Foreldrarnir kynnast starfsfólkinu , öðrum foreldrum og skipulagi leikskólans og við það er lagður grunnur að samstarfi um barnið. Aðlögunin tekur um viku og eru foreldrar með barninu fyrstu þrjá dagana, á fjórða og fimmta degi stoppa foreldrar og borða morgunmat með barninu og kveðja svo en eru í símasambandi . Í flestum tilfellum gengur aðlögunin á viku en í einstaka tilfellum er þörf á lengri tíma og þá gefum við barninu hann. Þegar börn flytjast á milli deilda er foreldrum boðið að skoða nýju deildina og kynnast starfsfólkinu sem þar starfar. (Kristín Dýrfjörð: 2009)

Foreldraviðtöl

Fyrirkomulag foreldraviðtala er á þann hátt að við upphaf leikskólagöngu eru foreldrar boðaðir á sameiginlegan fund þar sem þeir fá upplýsingar um leikskólann og skoða hann. Þegar nálgast upphafsdag barnsins koma foreldrar í viðtal um barnið þar sem óskað er eftir ýmsum upplýsingum sem hjálpar okkur við að kynnast barninu. Foreldrar eru boðaðir í eitt viðtal á ári og er það að jafnaði í feb./mars þar sem farið er yfir stöðu barnsins og líðan í leikskólanum. Til viðbótar er viðtal við foreldra elstu barnanna eftir að HLJÓM 2 hefur verið lagt fyrir að hausti. Þá er farið yfir niðurstöður og farið yfir hvernig foreldrar og leikskólinn geti stutt við barnið ef einhver frávik koma í ljós. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtali við deildarstjóra um barnið.

Foreldrafélag

Í Árborg eru starfandi foreldrafélag. Allir foreldrar eru í félaginu . Aðalfundur er haldinn að hausti og er þá kosið í stjórn sem fer með ákvörðunarvald á milli funda. Foreldrar greiða í sjóð og er innheimt 3x á ári félagsgjald og fer það í gegnum heimabanka. Foreldrasjóður stendur straum af sveitaferð, opnu húsi á aðventunni, jólaballi, 1-2 leiksýningum yfir veturinn, sumarhátíð ásamt því að styrkja útskriftarferð elstu barna.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla (2008/90 IV. kafli, 11. grein) skal vera foreldraráð við hvern leikskóla. Í foreldraráði eru þrír fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjórar. Foreldraráð hefur það hlutverk að gefa umsögn um skólanámskrá og aðrar áætlanir leikskólans og hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar sem varða starfsemi leikskólans. Kosið er í foreldraráð að hausti.

Annað

Mikilvægt er að það sé gott samstarf á milli foreldra og leikskólans og að það sé traust á milli aðila. Foreldrum er velkomið að koma og taka þátt og fylgjast með því starfi sem þar fer fram. Yfir veturinn eru ýmsar uppákomur sem foreldrum er boðið að koma á og oft koma þá systkini, afar og ömmur líka. Sú hefð hefur skapast að haldinn er afa og ömmu dagur 1x yfir veturinn og er þá boðið uppá jólaköku og kaffi, mikil og góð þátttaka er í afa og ömmudeginum . Foreldravika er einu sinni á vetri þar sem foreldrum er sérstaklega boðið að koma og taka þátt í starfinu með börnum sínum.

Upplýsingaflæði

Á heimasíðu leikskólans www.arborgin.is eru upplýsingar fyrir foreldra. Má þar nefna matseðil, fréttir, viðburða dagatal, hagnýtar upplýsinarg, áætlanir og myndir úr starfinu. Á heimasíðu er einnig að finna ýmsar upplýsingar fyrir foreldra með erlend móðurmál. Í fataklefum er upplýsingatafla sem notuð er til að koma skilaboðum til foreldra. Tölvupóstur er einnig notaður til að koma upplýsingum eða tilkynningum til skila. Auglýsingar eru alla jafnan settar upp í fataklefum til að minna fólk á ýmsa viðburði. Foreldrafundir um vetrarstarfið eru haldnir að hausti.

Skólahópur og samstarf við grunnskóla

Síðasta ár í leikskólanum áður en börnin fara í grunnskóla er annasamt hjá elstu börnunum. Þau fara í skólahóp 1x í viku frá september til maí, stuðst er við bókina Markviss málörvun , Sigrún Löve, Helga Friðfinnsdóttir og Þorbjörg Þóroddsdóttir, 1999. Unnið er með hlustunarleiki, rím, takt, fyrstu hljóð í orði, bókstafi, tölustafi, fjölda og form . Útinám er 1x í viku og er þá unnið með þætti eins og samvinnu, umhverfisvernd, hreyfingu, þekkingu á umhverfi sínu, bæði kennileiti og náttúru, stærðfæði og málörvun.

Árborg og Rofaborg hafa verið í samstarfi við Árbæjarskóla en flest börnin fara í þann skóla þar sem hann er næstur okkur. Samstarfið við grunnskólann felst í heimsóknum leikskólabarnanna í skólann nokkrum sinnum yfir veturinn en einnig koma börnin úr 1.bekk í heimsókn 2x yfir skólaárið að hausti og að vori. Í maí eru foreldrar boðaðir í heimsókn með börnum sínum í grunnskólann þar sem haldinn er fundur með foreldrum á meðan börnin fylgja kennara til skólastofu.

Upplýsingar fara á milli skólastiga og er það umsögn um félagslega færni, áhugasvið, sjálfshjálp, niðurstöður Hljóm 2, og teikning eftir barnið.

Undanfarin ár hafa elstu börnin farið í íþróttatíma í íþróttahúsi Árbæjarskólaskóla áður en þau byrja í skólanum og eru því orðin heimavön og þekkja reglur íþróttahússins áður en þau hefja formlega skólagöngu. Tímar í íþróttahúsinu geta verið breytilegir frá ári til árs, vegna skipulags á stundarskrá skólans.
Einnig eru heimsóknir í frístundaheimilið Töfrasel . Börnunum er kynnt starfsemin þar og þau fá að taka þátt í því sem þar er í boði. Börnin eru því líka orðin kunnug Töfraseli þegar þau hefja dvöl þar.

Fyrirkomulag heimsókna í Árbæjarskóla:

- samráðsfundur kennara og stjórnenda beggja skólastiga
- heimsókn 1.bekkjar í leikskólann á haustönn

- þátttaka leikskólabarna í degi íslenskrar tungu í Árbæjarskóla, börnin eru með atriði á skemmtun 1-4 bekkjar
- heimsókn í bókasafn skólans
- þátttaka í smiðjum í skólanum , textili, tónmennt, dansi og fl.
- börnunum er boðið til jólastundar í skólanum þar sem þau flytja

atriði sem þau hafa undirbúið.

- heimsókn á degi stærðfræðinnar
- heimsókn í skólann í mars/apríl
- 1.bekkur kemur í heimsókn í leikskólann á vorönn
- fundur með sérkennslustjóra og aðstoðarskólastjóra Árbæjarskóla um börnin sem munu koma í skólann að hausti.
- börnum og foreldrum þeirra boðið til fundar í skólanum í maí/júní

Elstu börnin í leikskólanum fá mörg tilboð um heimsóknir og þátttöku í ýmsum atburðum . Hefð er komin á að þau fari á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands einu sinni á vetri, Einnig hafa Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið boðið í heimsókn um töfraveröld leikhúsanna. Elstu börnin taka þátt í barnamenningarhátíð í gegnum samstarf við Tónskóla Sigursveins þar sem þau æfa lög eftir ákveðin tónskáld, heimsækja tónskólann og enda svo á tónleikum í Hörpu á opnunardegi hátíðarinnar. Út frá þessu verkefni hefur skapast samstarf við aðra leikskóla og heimsókn til eldri borgara með söngatriðið sem er í gangi hverju sinni. Börnin heimsækja Árbæjarsafn, Náttúrusafn Kópavogs, þjóðminjasafnið og bókasafnið Ársafn. Allur leikskólinn heimsækir Árbæjarkirkju á aðventunni. Hefð er komin á útskriftaferð í Vatnaskóg í maí. Til okkar í leikskólann koma slökkviliðsmenn með fræðslu, þar sem farið er yfir öryggismál ef kviknar í. Elstu börnin hafa verið brunaeftirlitsmenn yfir veturinn og þekkja því til útgönguleiða og hvar slökkvitæki er að finna. Hingað kemur umferðaskólinn að vori með umferðafræðslu. Bókabíllinn Æringi kemur í heimsókn 1x á vetri og síðan eru ýmis verkefni sem detta upp í hendurnar af og til.

Mat á skólastarfi

Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna og ungmenna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða *innra mat* sem er unnið af kennurum , foreldrum og börnum og hinsvegar *ytra mat* sem framkvæmt er af utanaðkomandi aðila, sveitafélagi og/eða Menntamálaráðuneyti.

Innra mat
Innra mat á leikskólastarfi er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs í leikskólanum. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan eru teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat, þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að leikskólastarfinu, stuðlar að auknum gæðum í starfi. Þar eru leikskólakennarar, annað starfsfólk leikskólans, foreldrar og börn mikilvægustu þátttakendurnir. (Aðalnámskrá leikskóla 2011: 54-55)

Innra mat leikskólans fer fram á skipulagsdegi að vori og er það mat á markmiðum sem skólinn setur sér ár hvert í starfsáætlun. Starfsfólk vinnur í hópum þvert á deildar. Einnig fer fram mat jafnt og þétt yfir veturinn á ýmsum þáttum starfsins sem og á þroska og líðan barnanna. Þetta mat fer fram á deildarfundum , starfsmannafundum og deildarstjórafundum.

Foreldraráð fær starfsáætlun til yfirlestrar og umsagnar að vori. Endurmat og umbótaáætlun er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og er sett fram árlega í starfsáætlun Árborgar.

Elstu börnin hafa komið að endurmati að vori og hefur það fari þannig fram að rætt er við þau í litlum hópum þar sem þau eru spurð um ýmislegt sem þau hafa verið að vinna að um veturinn. Nota skal opnar spurningar s.s. hvað, hvernig, hvers vegna.

Ytra mat
Könnun meðal foreldra og starfsmanna fer fram annað hvert ár og er hún rafræn og framkvæmd af Skóla og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Niðurstöður eru síðan nýttar til umbóta og þróunar og grein gerð fyrir helstu niðurstöðum ár hvert í starfsáætlun leikskólans.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla, 2011. Menntamálaráðuneytið. Sótt 3.mars 2016 https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/

Armstrong, Thomas. 2001. Fjölgreindir í skólastofunni. (Erla Kristjánsdóttir þýddi og staðfærði). Reykjavík. JPV útgáfa.

Hildur Skarphéðinsdóttir og Sigrún Einarsdóttir. 2006. Litlir vísindamenn í könnunarleik . Sótt 25.feb.2016 http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/konnunarleikur_skyrsla_2006_0.pdf

Kristín Dýrfjörð , Þegar barn byrjar í leikskóla , þátttökuaðlögun. Sótt 3.mars 2016 http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1302120/

Sigrún Löve, Helga Friðfinnsdóttir og Þorbjörg Þóroddsdóttir, Markviss málörvun. 1999

Reykjavík 27.apríl 2016

_____

Sigríður Þórðardóttir
Leikskólastjóri Árborg